

Agnetha alveg sæmó

Agnetha Fältskog, ljóshærða ABBAðisín, hefur á sinn hátt unnið eilíttin sigur með sólóplötunni **Eyes of a Woman**. Ekki það beint að platan geisli af frumleik og sköpunarmætti, langt frá því, en hún er smekkleg. Agnetha virðist hafa ratað á rétt form hvað snertir tónlist, hún kann sín takmörk og það ber að virða.

Mér þótti svolítið tragískt hvernig fór fyrir hinni dísinni, henni Fridu. Hún var alltaf í þínu meira uppáhaldi hénamegin, en fór, eftir ABBAævintýrið mikla, dálítið villt vegar í leitinni að heppilegu „tónlistarformi“, og týndist svo að segja alveg eftir síðustu plötu sína. Var ekki samkvæm sjálfri sér og tapaði. Leitt.

Hvað um það, Agnetha víðurkennir að hún er „streit“ dægurlagasöngkona, vill hvergi annað

vera, og finnst sumum það eflaust ágætt.

Í öllu falli hefur þeim Agnethu og Eric Stewart, fyrrum gítarleikara 10cc, en hann sá um upptöku, tekist bara upp fint.

Eins og ég sagði áðan er Agga ekki á leiðinni að deyta úr sköpunarþrá eins og allar ekta söngkvinnur gera oft í orðsins fyllstu, það vantar þunglyndið, lífsleiðann og sorgina í brjósthól hennar til að slíkt geti gerst. Þess vegna eru bestu lögin á plötunni þau sem einhver galsi og ponsu fjör er í: Just One Heart, Click Track, Save me (why don't ya) og, One Way Love gengur upp.

Ég segi það, að allir ABBA aðdáendur ættu ekki að vera neitt súrur út í hana þessa (að ógleymdum þeim sem vilja rifja upp kynnin af konunni „með fallegasta sitjandann í Evrópu“). Og ekki orð um það meir.

-♀



Léttur hrollur en lítið ódó

Það er langt um liðið síðan Hitt leikhúsið ákvað að slá í gegn og setja á svið poppsöngleikinn **Litlu Hryllingsbúðina**. Platan kom út skömmu síðar og seldist það vel að hún finnst örugglega á öðru eða þriðja hverju heimili á landinu í dag. Þess vegna ætti ég kannski að sleppa því að skrifa umsögn um hana, fólk þykir hún skemmtileg hvortæð er, án þess að hafa tekið mark á mér fyrst...

Það skal tekið fram að einn maður á meiri heidur skilinn umfram aðra sem koma nálægt þessu sjó. En það er mærdardrengur-

inn Megas sem á sérstakan hátt hefur tekist að snúa söngtextum yfir í fyrna kjarngott bundið mál. Þetta hefur mikið að segja, sérlega ef það er haft í huga að það eru unglingarnir og börnin sem fá hvað mest út úr þessum söngleik, og læra margir utanað.

Tónlistin er dæmigert söngleikjapopp, létt og grípandi, og ekki laust við að maður kannist við sum stefin eftir að hafa séð og heyrt söngleikinn Rocky Horror Picture Show. Meira að segja eru nótur fengnar að láni frá Jesú Kristi súperstjörnu, en það er bara vel.

Söngurinn er misjafn eins og gefur að skilja. Björgvin Halldórsson er áberandi bestur

söngvari í þessu sjói, hann gerir plöntunni Auði II hörkufin skil og virðist Björggi sífellt vera að vaxa í söngnum, getur nú leyft sér allan fjandann með böndin í sér. Gamli gæinn seigur, (ætti hann sé í Hrútsmerkinu?)...

Laddi tóltir spottakorn á eftir Bjögga, góður eigi að síður í heilum hellingi hlutverka; það víðamesta ódóði Ómar tannsi.

Rödd Eddu Bachman fellur sem flís við rass í söng hjartahljú ljóskunnar heimsku, hún getur sungið. Leifur Hauksson er í einni stærstu rullunni, hann hefur ekki sterka rödd, en samsamar sig þægilega og býr yfir nokkrum sjarma. Nírfilinn Músnikk syngur Gísli Rúnar, og heldur lagi í hæ-

inu, sem þær þrjár í bakraddabandinu gera líka.

Sem sagt allir sleppa vel frá sínu í söng. Spilerí er eins og það á að vera, í höndum vanra manna. Gítarinn nýtur sín vel í söngleik sem þessum, tilviljun að Björgvin Gíslason slær þar strengi? Ásgeir Óskarsson alltaf góður á trommur, Pétur Hjalte-
sted og Björggi fullkomna bandið, allt í góðu gengi.

Þetta er kannski ein af skemmtilegri „barna- og unglingaplötum“ sem hér hefur verið gefin út, fyrir það fær hún þrjú þrik og eflaust nokkurt langlífi.

-♀

Phil Collins

Hefur verið betri

Í menningunni sl. laugardag var umsögn um nýjstu sólóplötu breska trommarans og söngvarans Phil Collins. Inn í fyrirsögnina slæddist orðið **aldrei** sem varð til þess að fyrirsögnin var í algjörrí mótsögn við innihaldið. Því miður fyrir Phil Collins átti fyrirsögnin að hljóða svo: Jakka-
laus eður ei – hefur verið betri.

A



Brynhildur Þorgeirsdóttir: „Áætlunin hljóðar upp á að vinna í New York næsta vetur og halda þar sýningu næsta vor.“
Mynd: Valdis.

Þetta bjargar öllu

Brynhildur Þorgeirsdóttir fæst við gler og stein, fékk 12 mánaða starfslaun og ætlar að eyða þeim í New York

Einn þeirra listamanna sem hlutu tólf mánaða starfslaun við úthlutun í vikunni heitir Brynhildur Þorgeirsdóttir. Hún tilheyrir yngri kynslóð íslenskra listamanna og fæst við gler og skúlptúra. Hún var að vonum harla ánægð með lífið þegar Þjóðviljinn náði tali af henni að Kjarvalsstöðum þar sem hún var að hengja upp verk sín á samsýningu íslenskra glerlistarmanna sem verður opnuð í dag.

„Þessi úthlutun þýðir að ég get gert það sem ég hef ætlað mér að gera og auðvitað er ég ánægð með það.“

– Og hvað er það?

„Ég ætla að vera áfram í New York þar sem ég var í fjóra mánuði í vetur. Þá vann ég á glerlistarmiðstöð sem heitir New York Experimental Glass Workshop. Þar er vinnuástanda, gallerí og kennsla undir einu þaki og allt rekið á þeim grundvelli sem ameríkanar nefna „non-profit“. Það virkar þannig að listamenn leggja fram vinnu við miðstöðina og fá í staðinn tíma á verkstæðinu til að vinna að eigin list.“

Til þess að þetta nýtist manni þarf maður að leigja vinnustofu þar sem hægt er að fullvinna verkin og á því hafði ég ekki efni í vetur. Ég var búin að fá sex vikna styrk frá miðstöðinni næsta haust, þ.e. ég fæ að vinna þar frítt og þúsund dollara til efniskaupa.

Starfslaunin gera mér kleift að leigja mér vinnustofu og nýta það sem ég geri á þessum sex vikum. Áætlunin hljóðar upp á að vinna í New York næsta vetur og halda þar sýningu næsta vor.“

– Hvað ertu að gera þessa stundina?

„Ég hef verið á Korpúlfsstöðum undanfarnar vikur að vinna úr því sem ég gerði í vetur vestra og verð þar áfram í mánuð eða svo en þá fer ég aftur út.“

Brynhildur hefur haldið sýningar hér á landi og erlendis en hún stundaði framhaldsnám í San Francisco og Hollandi. Verk hennar hafa vakið töluverða athygli og hrifningu enda nýstárleg. „Dýrin hennar Brynhildar“ nefndi einn kollega hennar á Kjarvalsstöðum verkin og Brynhildur segir að þau séu bara einn af þjóðflokkinum sem þrífst á þessari jörð.

-ÞH

Sarnafil

VIÐHALDSFRÍTT ÞAKEFNI
Á ÞÖK – Á ÞAKSVALIR